

Vatnsveita Seltjarnarness

Ársreikningur  
2017

Vatnsveita Seltjarnarness

Austurströnd 2

170 Seltjarnarnes

kt. 560269-2429

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar veitustofnana og veitustjóra .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar veitustofnana og veitustjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglulegerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Rekstramiðurstaða Vatnsveitunnar var jákvæð á árinu 2017 að fjárhæð 34.959 þús.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé Vatnsveitunnar var jákvætt um 123.689 þús.kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi.

Vatnsveita Seltjarnarness er að fullu í eigu Seltjarnarbæjar.

Stjórn veitustofnana Seltjarnarness og veitustjóri staðfesta hér með ársreikning Vatnsveitunnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Seltjarnarasi, 22. mars 2018

Stjórn veitustofnana:

Þorgerður Hauðadóttir  
Guðm. J. Helgason  
Erel Kristjánsson

Veitustjóri:

Gísli Þorsteinsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til veitustjórnar og eigenda Vatnsveitu Seltjarnarness.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vatnsveitu Seltjarnarness („veitan“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu veitunnar 31. desember 2017 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð veitunni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og veitustjóra á ársreikningnum

Stjórn og veitustjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og veitustjóra að leggja mat á rekstrarhæfi veitunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Gerum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits veitunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningsshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og veitustjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi veitunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi veitunnar.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh

---

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreiknings í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetingar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar veitustjóra sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 22. mars 2018.

**KPMG ehf.**

*Guðný P. Guðmundsdóttir*

## Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
<b>Rekstrartekjur</b>				
Selt vatn .....		102.602	95.122	96.285
		102.602	95.122	96.285
<b>Rekstrargjöld</b>				
Annar rekstrarkostnaður .....		66.480	73.868	70.447
Afskriftir .....	4	1.164	1.047	1.047
		67.643	74.915	71.494
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>		<b>34.959</b>	<b>20.207</b>	<b>24.791</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>Ársreikningur 2017</b>	<b>Áætlun 2017</b>	<b>Ársreikningur 2016</b>
<b>Fastafjármunir:</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Veitukerfi .....	4	49.811	54.927	30.974
Fastafjármunir		<u>49.811</u>	<u>54.927</u>	<u>30.974</u>
<b>Veltufjármunir:</b>				
Birgðir.....		780	743	761
Skammtímakröfur:				
Aðalsjóður Seltjarnarness .....		70.041	56.389	75.261
Óinnheimtar tekjur .....		3.057	2.961	1.734
Veltufjármunir		<u>73.878</u>	<u>60.093</u>	<u>77.755</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>123.689</u>	<u>115.020</u>	<u>108.730</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>Ársreikningur 2017</b>	<b>Áætlun 2017</b>	<b>Ársreikningur 2016</b>
<b>Eigið fé</b>				
Eiginfjárreikningur .....	5	123.689	115.020	108.730
Eigið fé samtals		<u>123.689</u>	<u>115.020</u>	<u>108.730</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u>123.689</u>	<u>115.020</u>	<u>108.730</u>



## Sjóðstreymisýfirlit árið 2017

	Skýr.	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Rekstramiðurstaða.....		34.959	20.207	24.791
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir .....	4	1.164	1.047	1.047
Veltufé frá rekstri		<u>36.123</u>	<u>21.254</u>	<u>25.838</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Birgðir, lækkun, (hækkun) .....		(19)	0	(19)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		<u>(1.323)</u>	<u>0</u>	<u>1.228</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(1.342)</u>	<u>0</u>	<u>1.209</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>34.780</u>	<u>21.254</u>	<u>27.047</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	4	<u>(20.000)</u>	<u>(20.000)</u>	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(20.000)</u>	<u>(20.000)</u>	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>				
Aðalsjóður Seltjarnarness breyting.....		5.220	18.746	(12.047)
Greiddur arður.....		<u>(20.000)</u>	<u>(20.000)</u>	<u>(15.000)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(14.780)</u>	<u>(1.254)</u>	<u>(27.047)</u>
(Lækkun) á handbæru fé.....		0	0	0
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok.....		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglulegerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

### Innlausn tekna

2. Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

### Færsla gjalda

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Veitukerfi
Heildarverð 1.1.2017.....	98.653
Afskrifað áður .....	(67.679)
	30.974
Viðbót á árinu.....	20.000
Afskrifað á árinu.....	(1.164)
	49.811
Bókfært verð 31.12.2017.....	49.811
Afskriftarhlutföll .....	4,0%

## Eigið fé

5. Yfirlit um eiginfjárreikning:

Flutt frá fyrra ári.....	108.730
Greiddur arður.....	(20.000)
Rekstramiðustaða ársins.....	34.959
Eigið fé samtals 31.12.2017.....	123.689

## Tengdir aðilar

6. Aðal- og varamenn í veitustjórn ásamt veitustjóra eru skilgreindir sem tengdir aðilar vatnsveitunnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða stjórn þessara aðila.

Á árinu náðu viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem vatnsveitan veitir. Viðskiptin eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.